

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 8. janúar 2009 í máli nr. Q-7/2008:

X

Z

(Reynir Karlsson hrl.)

gegn

Y

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Með bréfi til dómsins, dagsettu 25. apríl 2008, var þess farið á leit fyrir hönd X, kt. 000000-0000, , Reykjavík og Z, kt. 000000-0000, Reykjavík, að Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurði um ágreining sem risið hefur milli erfingja við einkaskipti á dánarbúi A, kt. 000000-0000, sem síðast var til heimilis að Reykjavík og lést 29. október 2006.

Málið var þingfest 23. maí s.á. og tekið til úrskurðar 25. nóvember sl. Málið var endurupptekið og tekið til úrskurðar á ný 8. janúar 2009.

Dómkröfur sóknaraðila, og Z, eru að úrskurðað verði að erfðaskrá dags. 26. október 2006, þar sem A kt. 000000-0000, arfleiddi Y kt. 000000-0000 að helstu eignum sínum, sé ógild. Þá er krafist málskostnaðar að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Varnaraðili Y, kt. 000000-0000, krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað og að sóknaraðilar verði dæmdir in solidum til að greiða varnaraðila málskostnað.

I

Í málavaxtalýsingu sóknaraðila kemur fram að A hafi látist hinn 29. október 2006 eftir erfið veikindi. Skömmu fyrir andlát sitt eða hinn 26. október 2006 hafi hann undirritað erfðaskrá þar sem hann arfleiddi varnaraðila, Y, að helstu eignum sínum eins og það er orðað í erfðaskránni. Samkvæmt erfðaskránni skyldi hins vegar fjölskylda A fá í sinn hlut einstaka innanstokksmuni. Með bréfi Sýslumannsins í Reykjavík dags. 20. desember 2006, hafi ofangreind Y fengið leyfi til einkaskipta á dánarbúinu.

Áður en A lést hafði hann verið alvarlega veikur af krabbameini og gengið í gegnum erfiða sjúkdómslegu. Hann hafi dvalið á Landspítalanum við Hringbraut þegar hann undirritaði erfðaskrána sem og þegar hann lést. Hann hafi verið m.a. á sterkum lyfjum sem hafi haft það í för með sér að hann datt stundum út og virtist engan veginn með sjálfum sér. Hafi stundum virst sem hann þekkti ekki nána vini sína og ættingja. Sóknaraðilar telji sig hafa vissu fyrir því að A heitinn hafi skömmu áður en hann undirritaði ofangreinda erfðaskrá, verið í annarlegu ástandi að þessu leyti. Þá hafi A verið mjög heyrnardaufur sem hafi leitt til misskilnings hans um marga hluti, ekki síst meðan á veikindum hans stóð.

Vegna veikinda A heitins, þegar hann undirritaði erfðaskrána, og þar sem erfða skráin hafi ekki verið í samræmi við það sem A heitinn hafði nefnt við nokkra ættingja sína og vini, hafi sóknaraðilar óskað eftir því með matsbeiðni, dags. 9. febrúar 2007, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að meta hvort A hafi verið það heill heilsu andlega og líkamlega þegar hann undirritaði erfðaskrána, skömmu fyrri andlát sitt, að hann hafi gert sér fulla grein fyrir hvað fólst í þeirri ráðstöfun.

Hinn 25. maí 2007 hafi verið dómkvaddir í Héraðsdómi Reykjavíkur, til að framkvæma hið umbeðna mat, lækarnir Guðjón Baldursson, sérfræðingur í heimil íslækningum og krabbameinslækningum, og Pálmi V. Jónsson, sérfræðingur í lyflækningum og öldrunarlækningum.

Í spurningum til matsmanna í matsbeiðninni segi m.a. orðrétt:

Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn láti matsbeiðendum í té skriflegt og rökstutt álit á eftirgreindum atriðum:

- 1. Þeir kanni og upplýsi í hverju veikindi A heitins fólust á þeim tíma sem hann undirritaði erfðaskrána.*
- 2. Þeir kanni og upplýsi á hvaða lyfjum A heitinn var á og í hvaða magni hann tók þau, skömmu fyrir undirritun erfðaskrárinnar og þegar hann undirritaði hana.*
- 3. Þeir lýsi þeim áhrifum sem líklegt sé að lyfjagjöfin hafi haft á A heitinn og/eða hvaða áhrif slík lyfjagjöf hafi almennt á sjúklinga, andlega og líkamlega.*
- 4. Þeir gefi álit sitt á því með tilliti til allra fyrirliggjandi gagna um heilsu A heitins þ.m.t. sjúkraskráa, hvort líklegt sé að veikindi hans og sú meðferð sem hann fékk, þ.m.t. í formi lyfjagjafar, hafi dregið úr andlegu og líkamlegu hæfi hans til að gera sér grein fyrir hvað fólst í erfðaskránni sem hann undirritaði. Ef svo er, þá hvers vegna?*

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé dags. 15. október 2007. Þar sé m.a. rakið það sem fram komi í sjúkraskýrslum, hjúkrunarnótum og læknaþréfum um veikindi A og innlagnir á sjúkrahús. Í niðurstöðum hinna dómkvöddu matsmanna segi m.a. orðrétt:

Í samantekt, þá greinist A í janúar 2006, þá 87 ára gamall, með blöðruhálskirtilskrabbamein sem hefur sáð sér í kvið, lungu og bein. Gegn krabba

meininu var beitt lyfja- og geislameðferð. Frá því í ágúst 2007 er A kominn á Contalgin, sem er sterkt verkjalyf.

Þá kemur fram að A hafi verið lagður inn á sjúkrahús skömmu fyrir andlát sitt hinn 22. október 2006. Þá segi orðrétt:

Við komu í banalegunni er A skýr, samkvæmt sjúkraskrá, en daginn fyrir undir skrift er A með rugl ástand. Þá segir sérfræðingur að A hafi verið ruglaður þann dag, sem hann undirritaði erfðaskrána. Jafnframt kemur fram að þetta kvöld er A snúið reglulega og honum er verulega þungt. A fær viðbótaskammta af morfíni síðdegis og um þetta kvöld, auk þess sem hann er kominn á slímdempandi lyf (scopoderm). Bæði morfín og scopoderm hafa andkolinerg áhrif sem auka á tilhneigingu til rugls hjá þeim sem eru aldraðir og viðkvæmir vegna undirliggjandi sjúkdóma.

Nokkru síðar segi orðrétt:

Í banalegunni er A kominn með merki um óráð deginum áður en hann undir ritar erfðaskrána og helst það ástand samkvæmt nótu sérfræðings og þess utan er hann með mikil andþyngsli, auk verkja, kvöldið sem hann undirritar erfðaskrána og hann er þá máttfarinn og þarf að snúa honum.

Óráð er tímabundin vitræn skerðing, sem einkennist af því að ástandið getur komið upp skyndilega og einkennist af athyglisbresti, auk þess að þá geta komið fram önnur einkenni, svo sem breyting á skýrleika hugsunar og meðvitundarbreytingar, ranghugmyndir og ofskynjanir. Lykileinkenni er athyglisbrestur og síðan annað tveggja meðvitundarskerðing og hugsanabrengl. Áhættuþættir fyrir óráði eru alvarlega undirliggjandi sjúkdómar, svo sem krabbamein með meinvörpum getur verið, svo og lyfjameðferð, einkum með lyfjum með andkolinergum lyfjum. Sá sem er með óráði hefur tapað hæfni sinni til þess að taka ákvarðanir, að minnsta kosti tímabundið.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var A með óráði daginn fyrir og daginn sem hann ritaði undir erfðaskrána og það ástand hélst allt til dauðadags. Samtíma skráning á einkennum A er sannfærandi og kemur fram í nótum hjúkrunarfræðinga, deildarlækna og sérfræðings. Undirliggjandi sjúkdómur og meðferð hans er þannig, að annars skýrir einstaklingar, geta auðveldlega fengið óráð. Með hliðsjón af öllu ofanskráðu, svo og með tilliti til þekkingar og reynslu matsmanna, drögum við undirritaðir þá ályktun að A hafi verið með óráði og því ekki fær um að taka skuldbindandi ákvarðanir vegna tímabundinnar vitrænnar skerðingar. Veikindin voru á það alvarlegu stigi að A komst aldrei út úr þessu annarlega andlega ástandi og lést þremur sólarhringum síðar.

Lögmaður sóknaraðila hafi með bréfi gert lögmanni varnaraðila grein fyrir þeirri skoðun sinni, með vísan til niðurstaðna hinna dómkvöddu matsmanna, að ekki hafi verið gætt ákvæða VI. kafla erfðalaga nr. 8/1962 við gerð erfðaskrárinnar. Hún væri því ógild og ætti ekki að koma til framkvæmda. Með tölvupósti dags. 12. nóvember 2007, hafi lögmaður varnaraðila tjáð lögmanni sóknaraðila, að varnaraðili Y héldi fast við erfðarétt sinn samkvæmt erfðaskránni og ef sóknaraðilar vildu hnekkja henni, yrðu þeir að leita til dómstóla.

II

Varnaraðili telur málavaxtalýsingu sóknaraðila vera ónákvæma og hlutdræga og alls ekki gefa rétta mynd af aðdraganda að gerð erfðaskrárinnar.

ArfAandinn, A, hafi látist 29. október 2006, 87 ára gamall. Hann hafi þá um nokkurt skeið átt við krabbamein að stríða, en þó haldið andlegri heilsu alveg fram undir það síðasta. A hafi margsinnis ámalgað við H hæstaréttarlögmanni, frænda sinn, að hann vildi fá að koma á skrifstofu hans til að ganga frá sínum málum, en af því hafi ekki orðið. Þegar lögmaðurinn hafi frétt að A væri kominn á sjúkrahús hafi hann ákveðið að heimsækja hann og kanna það hvort A ætti eitthvað ósagt við sig eða hvort hann óskaði eftir að því H gerði eitthvað fyrir hann. Lögmaðurinn hafi rætt við A sem hafi þá óskað eftir því að hann ritaði fyrir sig erfðaskrá. Lögmaðurinn hafi þá kallað til tvo votta, hjúkrunarfræðinga sem önnuðust A í veikindum hans, sem hafi fylgst með því þegar A útlistaði fyrir lögmanninum hvers efnis erfðaskráin ætti að vera. Að svo búnu hafi lögmaðurinn farið afsíðis og ritað texta erfðaskrárinnar í tölvu á sjúkrahúsinu. Hann hafi síðan farið aftur á sjúkrastofuna til A og þar hafi verið gengið frá staðfestingu hennar að arfleiðsluvottunum viðstöddum eins og skjalið beri með sér. Í vottorði þeirra segi m.a. að A hafi að þeim báðum viðstöddum lýst yfir að erfðaskráin hefði hinsta vilja hans að geyma og að hann hafi gert þetta vitandi vits og heill heilsu andlega og líkamlega. H hafi verið viðstaddur undirritun erfðaskrárinnar og staðfestingu vottanna, þótt þess sé ekki getið í texta skjalsins.

III

Sóknaraðilar byggja kröfu sína um ógildingu erfðaskrárinnar á því að A heitinn hafi ekki uppfyllt kröfur 2. mgr. 34. gr. laga nr. 8/1962 um arfleiðsluhæfi. Samkvæmt hinu tilgreinda ákvæði sé erfðaskrá því aðeins gild að sá sem hana gerir, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

Í framangreindri matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna sé veikindum A lýst og þeirri meðferð sem hann hlaut. Þar komi m.a. fram að kvöldið sem hann undirritaði erfðaskrána hafi hann fengið viðbótarskammta af morfini auk þess sem hann hafi verið kominn á *scopoderm* en bæði þessi lyf hafi *andkolinerg* áhrif sem auki tilhneigingu til rugls hjá þeim sem séu aldraðir og viðkvæmir fyrir vegna undirliggjandi sjúkdóma. Þá komi fram að A hafi verið með óráði daginn fyrir og daginn sem hann ritaði undir erfðaskrána og að það ástand hafi haldist allt til dauðadags. Fram komi að samtímaskráning á einkennum A sé sannfærandi og komi fram í nótum hjúkrunarfræðinga, deildarlækna og sérfræðings. Telji matsmennirnir að undirliggjandi sjúkdómur A og meðferð hans sé þannig, að annars skýrir einstaklingar geti fengið óráð.

Sóknaraðilar telji að allt framangreint sýni að A hafi verið í *annarlegu ástandi* vegna veikinda sinna og meðferðarinnar við þeim. Hann hafi því engan veginn

verið hæfur til að gera erfðaskrá og því verulegar líkur á því að hann hafi ekki vitað hvað fólst í ráðstöfun hans samkvæmt erfðaskránni. Það leiði til þess að erfðaskráin sé ekki gild, sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962, og eigi því ekki að koma til framkvæmda sbr. 1. mgr. 45. gr. sömu laga. Varnaraðili Y, sem sé erfingi að öllum helstu eignum dánarbúsins, hafi hins vegar ekki fallist á það. Því verði sóknaraðilar að fá úrskurð héraðsdóms fyrir því að erfðaskráin sé ógild.

Kröfu sína um málskostnað byggja sóknaraðilar á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en sóknaraðilar eru ekki virðisaukaskattskyldir.

IV

Varnaraðili byggir á að A sem hafi verið ekkjumaður og ekki átt skyldu erfingja, hafi samkvæmt 1. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962 verið heimilt að ráð stafa öllum eignum sínum með erfðaskrá.

Erfðaskrá A uppfylli allar formkröfur sem um slíka löggerninga gildi samkvæmt 40. – 42. gr. erfðalaga. Hún sé skrifleg, arfAandinn staðfesti hana að viðstöddum tveim hæfum arfleiðsluvottum, sem hvorugur hafi verið vanhæfur til þeirrar vottunar. Efni arfleiðsluvottorðs sé í samræmi við kröfur sem til slíkra vottorða séu gerðar í 142. gr. laganna.

Í 37. gr. erfðalaga segi að erfðaákvörðun sé ógild ef arfAandi hafi verið beittur nauðung, svikum eða misneytingu til þess að gera hana. Ljóst sé að sóknaraðilar byggji ekki kröfur sínar á þessu ákvæði og komi það því ekki frekar til skoðunar.

2. mgr. 34. gr. erfðalaga sé svohljóðandi: *Erfðaskrá er því aðeins gild, að sá, sem gerir hana, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.*

Því sé ekki haldið fram af sóknaraðilum að erfðaráðstöfunin feli ekki í sér skynsamlega ráðstöfun í skilningi ákvæðisins.

Með því að öllum formkröfum um gildi erfðaskráa er fullnægt sé ljóst að fara beri eftir henni nema því aðeins að sá sem vefengi skrána geti hnekkvottorði arfleiðsluvottanna. Vísist í þessu sambandi til 2. mgr. 46. gr. erfðalaga, sem sé svohljóðandi: *Nú er yfirlýsing votta í arfleiðsluvottorði fullnægjandi um atriði þau, sem greinir í 42. gr. og 1. mgr. 44. gr. og skal hún þá talin rétt, nema sá, sem rengir, færi sönnur á hið gagnstæða.*

Svo sem fram komi í greinargerð sóknaraðila hafi þeir fengið dómkvadda tvo matsmenn, sem báðir séu læknar, til að meta þau atriði sem tilgreind séu í matsbeiðni undir fyrrsögninni *Andlag matsins*. Meginspurningin þar sé sú að óskað er mats á því hvort líklegt sé að veikindi A og sú meðferð sem hann fékk, þ.m.t. í formi lyfjagjafar, hafi dregið úr andlegu og líkamlegu hæfi hans til að gera sér grein fyrir hvað fólst í erfðaskránni sem hann undirritaði, og þá hvers vegna.

Varnaraðili geri alvarlegar athugasemdir við matsgerðina og telji að óheimilt sé að leggja hana til grundvallar niðurstöðu í málinu vegna galla á málsmeðferð. Gallarnir séu þess eðlis að sönnunargildi matsgerðarinnar sé ekkert.

Í matsbeiðninni hafi þess verið óskað að matsmenn könnuðu og upplýstu í hverju veikindi A hafi falist á þeim tíma sem hann undirritaði erfðaskrána og að þeir könnuðu og upplýstu á hvaða lyfjum A hafi verið á þeim tíma. Um þessi atriði hafi engin gögn verið lögð fram með matsbeiðninni og augljóslega gert ráð fyrir að matsmennirnir öfluðu þeirra gagna sjálfir sem þeir mundu síðan byggja niðurstöður sínar á.

Matsfundur hafi verið haldinn 6. september 2007. Þar sé m.a. bókað hver gögn matsmenn hafi um málið. Komi þar fram að þeir hafi á grundvelli umboðs sem þeir hafi fengið nokkru eftir dómkvaðninguna aflað sér sjúkraskrár A til skoðunar.

Lögmaður varnaraðila hafi þá óskað eftir afriti af öllum gögnum, sem stuðst væri við í matsgerð og vitnað til, sem þýðingu hefðu fyrir niðurstöðu í málinu. Hann hafi þó engin gögn fengið afhent á fundinum og hafi, þegar greinargerðin sé skrifuð, ekki fengið nein þau gögn afhent sem matsmenn studdust við í matsstörfum sínum. Matsgerðina sjálfa hafi lögmaður varnaraðila fengið senda frá matsmönnum í pósti, en henni hafi engin gögn fylgt.

Í 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 segi m.a. um framkvæmd mats: *Matsmanni er rétt að afla sér gagna til afnota við matið, en aðilum sem eru viðstaddir skal þá gefinn kostur á að tjá sig um þau eftir þörfum. Ef vitnaleiðsla reynist nauðsynleg til skýringar á matsatriði er dómara rétt að láta hana þegar fara fram.*

Þessara mikilvægu reglna hafi ekki verið gætt þegar hið umbeðna mat fór fram. Þau gögn sem matsgerðin byggist á í öllum aðalatriðum hafi heldur ekki verið lögð fram í málinu og þar af leiðandi hafi varnaraðili engin tók á að fjalla um efni þeirra í greinargerð þessari nema að því leyti sem þau séu tilfærð í matsgerðinni. Slíkt sé að mati varnaraðila algerlega ófullnægjandi. Af þessu leiði að mati varnaraðila að matsgerðin geti enga þýðingu haft sem sönnunargagn í málinu.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu, þrátt fyrir framangreint, að matsgerðin hafi eitthvert sönnunargildi í málinu hafi varnaraðili ýmsar athugasemdir fram að færa varðandi efni hennar.

Í matsgerðinni komi fram að matsmenn hafa kynnt sér sjúkrasögu A og sjúkra skrá og styðjist við þessi gögn úr henni við mat sitt, enda hafi hvorugur þeirra haft hann til læknismeðferðar. Niðurstöður matsmannanna séu svo dregnar saman þannig: *Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var A með óráði daginn fyrir og daginn sem hann ritaði undir erfðaskrána og það ástand hélst allt til dauðadags. Samtíma skráning á einkennum A er sannfærandi og kemur fram í nótum hjúkrunarfræðinga, deildarlækna og sérfræðings. Undirliggjandi sjúkdómur og meðferð hans er þannig, að annars skýrir einstaklingar geta auðveldlega fengið óráð Með hliðsjón af öllu ofanskráðu, svo og með tilliti til þekkingar og reynslu matsmanna, drögum við undirritaðir þá ályktun að A hafi verið með óráði og því ekki fær um að taka skuldbindandi ákvarðanir vegna tímabundinnar vitrænnar skerðingar. Veikindin voru á það alvarlegu stigi að A komst aldrei út úr þessu annarlega andlega ástandi*

og lést þremur sólarhringum síðar.

Varnaraðili mótmæli því að þessar niðurstöður hafi þýðingu fyrir niðurstöðu í málinu. Það sem öllu máli skipti við mat af þessu tagi sé það, hvort viðkomandi gerði sér grein fyrir efni skjalsins og lýsti því yfir að það hefði vilja sinn að geyma. Arfleiðsluvottanir votti þetta skýrlega, en matsmenn líti til þess hvort arfAandinn hafi verið fær um að taka á sig *skuldbindandi ákvarðanir*. Erfðaskráin hafi ekki verið *skuldbindandi ákvörðun*, enda hafi hún átt að koma til framkvæmda eftir lát hans.

Af hálfu varnaraðila sé lögð á það áhersla að matsmennirnir hafi skoðað gögn um heilsufar hins látna – þeir hafi aldrei skoðað hann sem sjúkling og geti þess vegna ekki byggt á öðru en því sem þeir telji líklegt með hliðsjón af þekkingu sinni og reynslu. Sjúklingarnir séu hins vegar ekki allir eins og þótt tiltekin sjúkdómsgreining liggi fyrir sé ekki víst að allir sem fengið hafa sömu greiningu séu allir jafn skýrir eða jafn skertir. Þótt A hafi verið mikið veikur á lokakafla lífsskeiðs síns sé þó ljóst af gögnum málsins, að hann hafi verið útskrifaður af sjúkrahúsi til síns heima fjórum vikum áður en hann undirritaði erfðaskrána. Í matsgerðinni sé tilvitnun í læknaþréfs Ólafs H. Samúelssonar, sérfræðings í öldrunarlækningum, þar sem segi m. a.: *Fram komu hjá A afar sterkar óskir um að vera áfram heima og á fjölskyldufundi sem mættir voru nánasti stuðningsaðili úr fjölskyldunni ásamt fulltrúum frá heimilishjálpi ákveðin útskrift. Fyrir útskrift var gerð heimilisathugun, gerðar viðeigandi ráðstafanir heima, pantaður öryggishnappur, baðbretti, salernishækkun og göngugrind.*

Í matsgerðinni komi einnig fram að við innlögn á þvagnfæraskurðeild 22. október 2006 hafi A virst vera áttaður, hann hafi heyrt dálítið illa en ... *svarað þokkalega þegar hann var spurður ...*

Varnaraðili telji að líta verði sérstaklega til þessara atriða þegar metið sé hvort eftiráskoðun matslæknanna verði látin hafa meira vægi en framburður þeirra sem sannanlega umgengust A heitinn um það leyti sem erfðaskráin var gerð. Þar sem erfðaskráin sé í lögboðnu horfi verði henni ekki hnekkt nema því aðeins að dómurinn telji hafið yfir allan vafa að arfleiðsluvottorðið sé beinlínis rangt um hæfi arfAandans á nákvæmlega þeim tíma sem erfðaskráin var staðfest.

Í þessu samhengi telji varnaraðili einnig fjarstæðukennt að A heitinn hefði getað skrifað nafn sitt svo greinilega sem hann gerði á erfðaskrána ef hann hefði verið svo *úr heimi hallur* sem haldið sé fram af sóknaraðilum. Að þessu sé ekkert vikið í matsgerð matsmannanna, enda hafi þeir ekki verið beðnir um að tjá sig neitt um það.

Á beiðni um leyfi til einkaskipta eftir eiginkonu A heitins megi sjá undirritun hans árið 2003. Þegar hún sé borin saman við nafnritun hans undir erfðaskrána sjáist að öll helstu rithandareinkennin séu þau sömu.

Varnaraðili vísar til 130. gr. laga nr. 91/1991 varðandi málskostnaðarkröfu sína.

V

Fyrir liggur að formaskilyrðum erfðalaga nr. 8/1962 er fullnægt hvað snertir hina umdeildu erfðaskrá er A, sem lést hinn 29. október 2006, gerði þann 26. sama mánaðar.

Mál þetta snýst þannig eingöngu um arfleiðsluhæfi A við gerð erfða skrárinnar, en í 2. mgr. 34. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er kveðið á um að erfðaskrá sé því aðeins gild, að sá, sem hana gerir, sé svo heill heilsu andlega, að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

Bera sóknaraðilar sönnunarbyrði fyrir því að A heitinn hafi ekki uppfyllt kröfur 2. mgr. 34. gr. erfðalaga um arfleiðsluhæfi við gerð erfðaskrárinnar, þann 26. október 2006, þremur dögum fyrir andlát sitt.

Nákomnir A heitnum, sem þekktu hann frá blaut barnsbeini og heimsóttu hann m.a. daginn fyrir gerð erfðaskrárinnar og sama dag og hún var gerð, gáfu skýrslur fyrir dóminum.

LG, sem heimsótti A heitinn 25. október 2006, I, sem heimsótti hann 25. og 26. s.m., og E, sem heimsótti hann 26. október, hafa öll borið að A hafi verið mjög veikur þessa daga og mjög af honum dregið. L kvað hann ekki hafa þekkt sig en hafa þekkt föður sinn sem með honum var. I kvað hann e.t.v. hafa þekkt sig en hafa þekkt móður hennar, sem hafi komið með henni í heimsóknina 25. október, til að kveðja hann. E var í vafa um að A hafi þekkt hana.

K, félagi A heitins, bar hins vegar að honum hafi sýnst A alveg klár í kollinum. Það hafi verið fólk hjá A þegar hann kom í heimsókn til hans og A hafi sagt við hann að betra væri að hann kæmi á morgun því hann þyrfti að tala við lögfræðinginn sinn. Vitnið kveðst hafa heimsótt A kvöldið áður en hann dó en við það þykir mega miða að það hafi verið kvöldið sem hann gerði erfðaskrána.

Ekkert vitnanna kannaðist við að hafa heyrt A heitinn fyrr eða síðar tala um erfðaskrá. Þó kom fram í vitnisburði vinar hans, Á, að hann hefði heyrt á honum og konu hans að þegar að því kæmi myndu fjölskyldur þeirra beggja erfa þau.

Um aðdragandann að því að A heitinn gerði umrædda erfðaskrá er því ekki við annað að styðjast en framburð H hæstaréttarlögmanns sem annaðist gerð hennar. Hann hefur greint frá því að A, sem var afabróðir hans í föðurætt, hafi, í tengslum við það að hann var skipaður fjárhaldsmaður eiginkonu hans í árslok 2001, talað við sig um að hann þyrfti að gera erfðaskrá. A hafi síðan áréttað þetta nánast alltaf þegar þeir hittust, sem þó hafi ekki verið oft, en ekkert hafi orðið úr því.

Hann hafi vitað það í gegnum varnaraðila og hennar fjölskyldu, sem sé mikið vinfólk hans, að A heitinn hefði verið inn og út af spítala. Síðan hafi G sonur varnaraðila, borið honum þau skilaboð frá GG systur sinni að A vildi gjarnan hitta hann. Hann hafi rennt grun í að A vildi hitta hann vegna ráðstöfunar á eignum en ekkert vitað hvað hann hygðist fyrir í þeim efnum. Þegar hann hafi komið á spítalann hafi A legið útaf og verið greinilega mikið veikur. A hafi strax þekkt hann og spurt hann fyrst um það hvernig J, tveggja ára sonur hans, sem hann haldi að A

hafi ekki hitt, hefði það. Honum hafi af þeirri spurningu og fleirum þótt hann vera vel heima í kollinum. Þar sem gestir hafi verið hjá A hafi hann ákveðið að fara og koma aftur síðar þann dag. Hann hafi rætt við yfirhjúkrunarkonu á deildinni og hafi hún aðspurð tjáð honum að þó að A væri auðvitað mikið veikur þá væri hann alveg með á nótunum. Hafi hún sagt honum að A yrði fluttur á einkastofu síðar þennan dag og þá yrði hægt að ræða við hann í næði.

Hann hafi farið á spítalann aftur sama dag eftir kl. 18:00 og þá hitt yfirhjúkrunarkonuna sem hafi tjáð honum að A væri mun hressari en fyrr um daginn. Hann hafi farið inn á stofuna til A ásamt yfirhjúkrunarkonunni og annarri hjúkrunarkonu sem tekið hafi að sér að vera vottar. Hann hafi rætt við A og hann viljað gera erfðaskrá. Samskiptin við A hafi verið erfið þar til hjúkrunarkonurnar hjálpuðu honum að koma heyrnartækjunum fyrir. Hann hafi þrúspurt A hvernig hann vildi hafa erfðaskrána og hann alltaf sagt að Y ætti að hafa fyrsta rétt. Hann hafi sagt A að hann gæti ráðstafað eignum sínum að vild og spurt hvort hann vildi nefna einhverja aðra en hann alltaf sagt að Y ætti að hafa fyrsta rétt. Svo hafi hann tekið fram að hann vildi að sitt fólk fengi aðgang að innbúi. Hann hafi síðan gert erfðaskrána á tölvu á spítalanum. Það hafi verið mikið atriði fyrir hann að fá hjúkrunarkonurnar, sem þekktu A og umgengust hann, til að vera vottar. Hann hafi spurt þær hvort þær væru ekki algjörlega vissar um hvað A vildi og þær svarað því játandi. Önnur þeirra hafi tjáð honum að þetta kæmi henni ekki á óvart því greinilegt væri að Y væri honum mjög nán. Hann hafi sérstaklega tekið fram við þær að þær mættu alls ekki votta ef þær teldu af kynnum sínum af A að þetta væri eitthvað óljóst eða að ástæða væri til að ætla að hann vissi ekki hvað hann væri að gera.

Arfleiðsluvottarnir, HG og SG, staðfestu undirskriftir sínar undir arfleiðsluvottorðið fyrir dóminum. Þær báru báðar að A heitinn hefði við gerð erfðaskrárinnar verið heill heilsu andlega og að erfðaskráin hefði að geyma vilja hans. Hins vegar væri það ekki rétt sem kæmi fram í arfleiðsluvottorðinu að hann hafi verið heill heilsu líkamlega.

Í framburði H, sem kveðst hafa hugsað mikið um A, kom fram að þær hefðu farið með H hæstaréttarlögmanni inn á stofuna til A. H hefði talað og þær staðið og hlustað á. H hefði margspurt A um það hvort erfðaskráin hefði að geyma vilja hans og hann alltaf svarað því játandi. Henni hefði fundist A líkur sjálfum sér og hressari en hún átti von á.

Í framburði S kom fram að A heitinn hefði verið ótrúlega skýr. Hann hefði margaðspurður um það hver ætti að fá eigur hans svarað því alveg skýrt að það ætti að gera kona sem hafði sinnt honum mjög vel og bjó í sama húsi. Honum hefði greinilega verið það mjög umhugað að hún myndi erfa hann.

Óútskýrt er hvers vegna vitnið S taldi A heitinn vera að arfleiða konu sem bjó í sama húsi en fyrir liggur að varnaraðili býr ekki í sama húsi og A heitinn bjó í.

Í málinu liggur fyrir matsgerð lækna Pálma V. Jónssonar og Guðjóns Baldurssonar.

Fyrir liggur að á matsfundi 6. september 2007 höfnuðu matsmenn beiðni lögmanns varnaraðila um að fá afhent afrit af öllum gögnum, sem stuðst væri við og

vitnað til í matsgerð, sem þýðingu hefðu fyrir niðurstöðu í málinu. Matsmennirnir, sem höfðu aflað sér aðgangs að sjúkraskrá A heitins, höfnuðu beiðninni þar sem þeir töldu sig ekki hafa umboð til að afhenda gögnin.

Samkvæmt 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991 skal viðstöddum aðilum gefinn kostur á að tjá sig um gögn sem matsmaður hefur aflað til afnota við mati. Þar sem ekki liggur annað fyrir en að lögmaður varnaraðila hafi á matsfundinum átt þess kost að tjá sig um gögnin, sem beiðni hans laut að, verður ekki fallist á að framkvæmd matsins hafi brotið í bága við ákvæði 2. mgr. 62. gr. laga nr. 91/1991.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem byggð er á sjúkragögnum A heitins, kemur m.a. fram að A hafi verið með óráði daginn fyrir og daginn sem hann undirritaði erfðaskrána og hafi það ástand haldist allt til dauðadags.

Komast matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að A hafi vegna óráðsins ekki verið fær um að taka skuldbindandi ákvarðanir vegna tímabundinnar vitrænnar skerðingar.

Matsmennirnir komu báðir fyrir dóminn og staðfestu matsgerðina. Í framburði Pálma V. Jónssonar læknis kom fram að unnt sé að eiga samtalið við fólk með óráði og það geti blekkt tímabundið sé maður ekki á varðbergi gagnvart því sem er á seyði. Fólk geti sýnt fyrstu viðbrögð sem virðist eðlileg og framkvæmt einfaldar skipanir eins og rita nafnið sitt sem sé rótgróið. Fólk geti hins vegar ekki framkvæmt skipanir þar sem eitt leiði af öðru. Að hans mati séu yfirgnæfandi líkur á því að A heitinn hafi ekki haft fullan skilning og vitræna getu til að gera erfðaskrána.

Í framburði Guðjóns Baldurssonar læknis kom fram að óráð geti verið sveiflu kennt. Þannig geti tímabundið bráð af manni og hann öðlast ráð aftur. Þá geti sá sem er með óráði, þegar bráir af inn á milli, virst með fullu ráði og í lagi fyrir þá sem ekki þekkja til. Sá sem er með óráði geti framkvæmt ýmsar eðlislægar eða vanabundnar athafnir eins skrifa nafnið sitt. Þá geti viðkomandi framfylgt fyrirætlunum um að gera einfalda hluti. Hann telji miklar, jafnvel allmiklar, líkur á því að A heitinn hafi ekki gert sér grein fyrir því hvað fólst í erfðaskránni en sérstaklega aðspurður kvaðst hann ekki telja það útilokað. Það geti bráð af veikum einstaklingi eins og honum inn á milli tímabundið.

Í læknabréfi Baldvins Kristjánssonar sérfræðings, sem hann staðfesti fyrir dómnum, kemur fram að A hafi versnað þann 26.10., daginn sem hann gerði erfða skrána, og að hann sé þá mjög slappur og óáttaður. Um kvöldið hafi hann verið með veruleg andþyngsli og meðvitundarlítill. Jafnt og þétt hafi dregið af honum þar til hann andaðist þann 29.10.2006.

Í framburði hans fyrir dómi kom fram að stundum brái að sjúklingum með óráð og þeir hressist í nokkra klukkutíma. Óráð þýði ekki endilega að sjúklingur liggji og viti hvorki í þennan heim né annan. Geta hans til að hugsa heilðrænt sé hins vegar skert. Viðkomandi þoli stutta heimsókn og geti virst svara af viti. Sérstaklega aðspurður um það hvort algjörlega væri útilokað að A heitinn hafi getað gert sér grein fyrir efni erfðaskrárinnar svaraði hann því til að hugsanlega hafi bráð af honum og ekkert væri útilokað.

Vilji arfleifanda vegur þungt við mat á því hvort ógilda eigi erfðaskrá á grund velli 2. mgr. 34. gr. erfðalaga. Samkvæmt framburði H hæstaréttarlögmanns kom frumkvæðið að gerð erfðaskrárinnar frá A heitnum. Fyrir liggur að varnaraðili hafði annast um A heitinn og nán tengsl voru á milli þeirra. Hins vegar liggur ekkert fyrir um að A heitinn hafi áður lýst vilja sínum til að arfleiða varnaraðila að eignum sínum. Liggur því ekkert fyrir um vilja hans fyrir gerð erfðaskrárinnar.

Af niðurstöðu matsgerðarinnar, sem ekki hefur verið hnekkt, sem og framburði matsmannanna og læknisins Baldvins Kristjánssonar, þykir verða ráðið að veruleg óvissa sé um að A heitinn hafi verið svo heill heilsu andlega við gerð erfða skrárinnar að hann hafi verið fær um að ráðstafa eignum sínum með erfðaskrá á skynsamlegan hátt. Hins vegar þykir verða ráðið að það sé ekki útilokað.

H hæstaréttarlögmaður og arfleiðsluvottarnir eru ein til vitnis um það hvernig ástandi A heitins var háttáð nákvæmlega á þeim tíma er erfðaskráin var gerð. Þá liggur fyrir vitnisburður K, sem leggja þykir mega til grundvallar að hafi heimsótti A skömmu áður en hann gerði erfðaskrána, og sýndist K hann vera alveg klár í kollinum.

Hæstaréttarlögmaðurinn og arfleiðsluvottarnir bera að A hafi verið heill heilsu andlega við gerð erfðaskrárinnar. Er framburður arfleiðsluvottanna, sem báðir eru hjúkrunarfræðingar, mjög afdráttarlaus hvað það varðar, en þær kváðust báðar hafa annast hann og önnur þeirra hafa hugsað mikið um hann. Verður því að telja vitnis burð þeirra sérstaklega veigamikinn.

Þegar allt framanrakið er virt heildstætt þykir verða að telja ósannað að A heitinn hafi verið óhæfur til að gera erfðaskrá á skynsamlegan hátt á þeim tíma er erfðaskráin var gerð. Samkvæmt því verður kröfu sóknaraðila um ógildingu erfða skrárinnar hafnað.

Rétt þykir eftir atvikum að sóknaraðilar og varnaraðili beri hvorir fyrir sig sinn kostnað af málinu.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu sóknaraðila, X og Z, um að erfðaskrá dags. 26. október 2006, þar sem A arfleiddi, varnaraðila, Y að helstu eignum sínum, sé ógild.

Málskostnaður fellur niður.

Þorgerður Erlendsdóttir

